

168

11. okt.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis frá 27. apríl 1935.

Meðan fjörefni til smjörlikisgerðar eru ófáanleg er smjörlikisframleiðendum heimilt að láta úti fjörefnalaust smjörliki, enda verði stimplað á umbúðirnar orðið: „Fjörefnalaust“.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. október 1941.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.

169

11. okt.

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Steingrims Einarssonar sjúkrahússlækni“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 11. október 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Steingrims Einarssonar sjúkrahússlækni.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Steingrims Einarssonar sjúkrahússlækni.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um fyrsta lækni sjúkrahúss Siglufjarðar, Steingrím Einarsson, með 3000 kr., af nokkrum konum í Siglufirði, sem hafa undanfarin ár, undir nafninu Styrktarnefnd spítalans, aflað ýmsra læknaækja fyrir sjúkrahúsið.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa: bæjarfógetinn, Siglufirði, sem formaður, héraðslækni-irinn og spítalalæknir Siglufjarðar, sem meðstjórnendur, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

4. gr.

Endurskoðendur bæjarreikninga Siglufjarðar endurskoða í byrjun hvers árs fjárhald sjóðsins.

5. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheimum þeirra, er vilja styrkja sjóðinn.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla sjúkrahúsi Siglufjarðar sem fullkomnastra læknaækja, er stundir líða fram og sjóðurinn verður þess megnugur, eftir skipulagsskránni.

7. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í peningastofnun, er ríkið ber ábyrgð á.

8. gr.

169

Þangað til sjóðurinn er orðinn 5000 — fimmtíu þúsund — krónur skal jafnan leggja alla vöxtu sjóðsins við höfuðstólinn, en úr því má verja hálfum vöxtum til kaupa á læknaáhöldum handa sjúkrahúsínu unz sjóðurinn er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, en úr því má verja $\frac{3}{4}$ vöxtum til kaupa slíkra áhalda. Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins, innlög hans né $\frac{1}{4}$ vaxtanna.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

170

um sérstaka friðun rjúpna.

13. okt.

Með því að rjúpum hefur fækkað í landinu að undanfögnu, verður ekki hjá því komizt að friða rjúpur alveg þetta ár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924 skipar ráðuneytið svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október, skuli á þessu ári einnig vera friðaðar frá 15. október til ársloka.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. október 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

171

um sérstakan tímareikning.

14. okt.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Tímareikningur sá, sem gilt hefur á Íslandi frá 2. marz s. l., samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, frá 25. febrúar 1941, breytist aftur í islenzkan meðaltíma kl. 2 eftir miðnætti 2. nóvember næstkomandi, þannig, að kl. 2 eftir núgildandi tímareikningi færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður 1.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. október 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.